

Stefnumótun

Ríki Vatnajökuls ehf.

ferðapjónustu-, matvæla- og menningarklasa Suðausturlands



Ferðamálafélag Austur-Skaftafellsýslu
Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar



Efnisyfirlit

Aðdragandi.....	4
Framtíðarsýn	4
Afmörkun klasans	4
Núverandi staða	4
Vatnajökulsþjóðgarður	5
Gisting	5
Veitingar	5
Söfn	5
Afþreying	6
Önnur þjónusta.....	6
Fjöldi og samsetning ferðamanna.....	6
Gistinætur ferðamanna.....	7
Stefna og markmið klasans	8
Stefna.	8
Kjarnagildi fyrir ímynd svæðisins:	8
Markmið 2012.....	8
Tengslanetið	9
Starfsemi og þróun klasans	9
Markaðurinn og markaðshlutun	10
Framkvæmdaáætlun	12
Fjármál.....	13
Rekstraráætlun.....	14
Viðaukar	15
1) Framkvæmdaáætlun.....	15
2) SVÓT greining.....	16
3) Gisti- og veitingaaðstaða og fundarsalir á Suð-Austurlandi	18
4) Viðburðadagatal 2007-2010.....	22
5) Perlur í Ríki Vatnajökuls.....	23
6) Samskipti og siðareglur.....	24
7) Um verkefnisstjóra klasans	25
8) Staða og þróun ferðaþjónustunnar í Hornafirði	26



Aðdragandi

Undanfara stofnunar Ríki Vatnajökuls ehf. má rekja til fundaraðar um klasasamstarf sem haldin var að tilstuðlan Frumunnar (Frumkvöðlaseturs Austurlands ehf.) árin 2004-2006 ásamt verkefninu Hagvöxtur á heimaslóð veturinn 2007. Fjöldi ferðaþjónustuaðila hefur tekið þátt í vinnufundum, fyrirlestrum og námskeiðum sem tengst hafa klasamynduninni.

Það sem einkennt hefur klasaundirbúninginn er eindreginn vilji allra hagsmunaaðila til byggja upp öfluga ferðaþjónustu sem byggir á samstarfi aðila sem gjarnan eru í harðri samkeppni. Þáttakendur í klasanum meta ávinning samstarfs fram yfir sundurlyndi.

Nýstofnaður Vaxtasamningur Austurlands og vilji Sveitarfélagsins Hornafjarðar styður enn frekar þann ásetning heimamanna að stofna til formlegs félags ferðaþjónustuaðila sem vinni að sameiginlegum hagsmunum þátttakenda með skýrri framtíðarsýn og stefnu.

Framtíðarsýn

Öflug og arðbær ferðaþjónusta allt árið sem byggir á aðdráttarafli stórbrotinnar náttúru, matvælum og menningu svæðisins.

Afmörkun klasans

Ríki Vatnajökuls nær yfir svæðið frá Hvalnesi í austri að Lómagnúpi í vestri. Undir klasann falla allir þeir aðilar svæðisins sem þjóna á einn eða annan hátt ferðamönnum og fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Hér er um að ræða aðila sem selja



m.a. gistingu, veitingar, afþreyingu og reka verslanir og veita samfélagslega þjónusta s.s. menningarstarfsemi, heilbrigðisþjónusta og samgöngur. Í viðauka eru tilgreindir stofnaðilar klasans. Þessir aðilar leggja mikla áherslu á metnaðarfulla uppbyggingu ferðaþjónustu svæðisins og vilja vinna henni brautargengi með öflugri samvinnu við bæði fyrirtæki og opinbera aðila, innan svæðis sem utan.

Núverandi staða

Svæðið einkennist af náttúrulegri fjölbreytni og er hluti af stærsta þjóðgarði Evrópu. Verulegir möguleikar eru í hvers kyns afþreyingu, náttúruskoðun til lands og sjávar ásamt öflugri þjónustu á sviði gistingar og veitinga. Eftirfarandi eru upplýsingar um innviði svæðisins og starfsemi í upphafi árs 2007.

Vatnajökulsþjóðgarður

Í mars 2007 samþykkti Alþingi lög um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og verður hann stærsti þjóðgarður Evrópu. Vatnajökull og þjóðgarðurinn marka svæðinu mikla sérstöðu á heimsvísu og eru einn helsti segull landsins gagnvart ferðamönnum. Náttúrufar Vatnajökuls og svæðisins er undirstaða að öflugri rannsókn- og vísindastarfsemi á Suð-Austurlandi sem í framtíðinni mun nýtast í frekari uppbyggingu ferðþjónustu.

Gisting

Í ríki Vatnajökuls er fjölbreytt úrval gistingar, allt frá tjaldsvæðum til þriggja stjörnu hótela. Gistirými í upphafi árs 2007 var eftirfarandi:

- Fjögur hótél eru á svæðinu með samtals 300 rúm.
- Tíu aðilar eru innan Ferðþjónusta bænda og bjóða upp á samtals 329 rúm.
- Gistiheimili eru þrjú og bjóða samtals upp á 154 rúm.
- Farfuglaheimili eru tvö með samtals 61 rúm.
- Smáhýsi eru tuttugu og fimm, með samtals 126 rúm.
- Orlofshús eru með 120 rúm.
- Aðrir gististaðir bjóða upp á samtals 135 rúm.
- Tjaldstæði eru níu og bjóða upp á aðstöðu fyrir um 1600 næturgesti, þar af eru þrjú tjaldstæði með aðstöðu fyrir um 300 húsbíla.
- Heildargistirými á svæðinu er því 1220 rúm og svefnpokapláss fyrir 220 manns, auk tjaldstæða.

Veitingar

Á svæðinu eru fjölbreytt úrval veitingastaða auk vínveitinga- og kaffihúsa. Þar að auki bjóða Ferðþjónustubændur gestum sínum kvöldverð. Matsölustaðir bjóða upp sælkeramat frá svæðinu og má þar nefna sjávarfang eins og humar, saltfisk, síld, lúru, ál og bleikju. Þekktar afurðir frá svæðinu eru Hornafjarðarkartöflur, hreindýr, endur, fasanar auk lamba- og nautakjöts. Veitingastaðir bjóða bæði upp á matseðla og hlaðborð, fyrir hópa og einstaklinga.

Veitingastaðir eru samtals 9

Skyndibitastaðir eru samtals 7

Kaffihús eru samtals 4



Söfn

Söfn og sýningar á svæðinu eru samtals fimm. Þessi söfn og sýningar eru opin á sumrin og jafnframt er að fá þau opnuð allt árið eftir óskum. Þetta eru: Þórbergssetur, Jöklasýning, Gestastofa í Skaftafelli, Byggða- og Náttúrugripasafn í Gömlubúð og Sjóminjasafn í Pakkhúsi. Auk þessa er almenningsbókasafn og upplýsingamiðstöð á Höfn og upplýsingamiðstöð í Skaftafelli yfir sumartímann.

Afþreying

Fyrirtæki á sviði afþreyingar eru fjölmörg. Þau bjóða meða annars upp á gönguferðir, gönguskíðaferðir, ísklífur, snjósleða- og jeppaferðir á Vatnajökul. Einnig gönguferðir um Lónsöræfi, á slóðir Þórbergs Þórðarsonar í Suðursveit, skipulagðar ferðir eru farnar á vegum Ferðafélags Austur-Skaftafellssýslu. Boðið



er upp á fuglaskoðunarferðir í Ingólfshöfða og siglingu um Jökulsárlón. Á svæðinu eru starfræktar ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir um svæðið, fyrir einstaklinga og hópa. Þá eru gönguleiðakort aðgengileg fyrir hluta svæðisins og áhugaverðir áningastaðir lagfærðir og komið upp fræðluskiltum.

Ýmsir viðburðir draga að ferðamenn s.s. Humarhátíð, Góuhóf, Þorrablót og viðburðir á vegum Hornfirska Skemmtifélagsins. Þá eru fjölmargir utanaðkomandi aðilar að skipuleggja margvíslegar ferðir og afþreyingu um svæðið.

Önnur þjónusta

Á svæðinu eru matvöruverslanir, bifreiðaverkstæði og öll önnur þjónusta sem ferðamenn sækjast eftir. Upplýsingamiðstöð er rekin allt árið í húsakynnum Jöklasýningarinnar og yfir sumartímann í Gestastofu í Skaftafelli. Á Bókasafni, upplýsingamiðstöðvum og á tjaldstæðinu á Höfn er boðið upp á internettengingar. Auk þessa bjóða margir gististaðir upp á internettengingar fyrir gesti sína. Öll grunnþjónusta er á svæðinu s.s. bankar, heilsugæsla, apótek og löggæsla. Tvær björgunarsveitir eru starfandi á svæðinu.

Fjöldi og samsetning ferðamanna



Áætluð heildarnýting gistirýmis allt árið 2006 var 47%. Nýting gistirýmis yfir háhönn (júní-sept) 2006 var 60% en þess ber að geta að í þeirri tölu eru allir gistimöguleikar, s.s. tjaldstæði og orlofshús. Á lágönn (okt-maí) hefur nýtingin einungis verið 19%.

Samkvæmt niðurstöðum kannana sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hafa framkvæmt fyrir Ríki Vatnajökuls, er áætlað að ríflega 200 þúsund ferðamenn hafi komið í Austur-Skaftafellssýslu árið 2006, þar af 75.000 Íslendingar og um 130 þúsund erlendir ferðamenn. Könnun RRF frá árinu 2005 bendir enn fremur til þess að

Íslendingar sem lögðu þangað leið sína hafi komið á svæðið í 2,4 skipti að jafnaði. Því eru heimsóknir Íslendinga á svæðið áætlaðar um 160-180 þúsund á ári. Að öllu samanlögðu má því áætla heimsóknir ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu 280-300 þúsund á ári.

Ef horft er á einstaka staði má samkvæmt sömu könnun RRF áætla að fjöldi ferðamanna sem koma í Skaftafell, að Jökulsárlóni og til Hafnar, séu árið 2006 sem hér greinir:

1. tafla Áætlaður fjöldi innlendra og erlendra ferðamanna 2006

	Íslendingar	Erlendir ferðamenn	ALLS
A-Skaftaf.sýsla	75.000	132.000	207.000
Skaftafell	34.000	123.000	157.000
Jökulsárlón	42.000	116.000	158.000
Höfn	50.000	93.000	143.000

Þeir Íslendingar sem komu í Skaftafell og að Jökulsárlóni gerðu það í 1,5 skipti að jafnaði en þeir sem komu til Hafnar komu þangað í 1,9 skipti að jafnaði. Samkvæmt því komu Íslendingar í 51 þúsund heimsóknir í Skaftafell, 62 þúsund heimsóknir að Jökulsárlóni og 95 þúsund heimsóknir til Hafnar.

Næsta tafla sýnir áætlaðan fjölda ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu og á staðina þrjá frá sept. 2005 til ágúst 2006.

2. tafla Fjöldi erlendra ferðamanna vetur og sumar 2006

	okt '05-maí '06	júní-sept. '06	ALLS
A- Skaftaf.sýsla	14.000	118.000	132.000
Skaftafell	13.000	110.000	123.000
Jökulsárlón	11.000	105.000	116.000
Höfn	7.000	86.000	93.000

Áætlað er að 89% erlendra ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu árið 2006 hafi komið þangað að sumarlagi (júní –september) en 11% aðra mánuði ársins. Sama hlutfall var meðal gesta í Skaftafell en áætlað er að 90% erlendra ferðamanna að Jökulsárlóni hafi komið þangað í júní til september og 92% ferðamanna til Hafnar.

Gistinætur ferðamanna

Áætlað er að um 34 þúsund Íslendingar hafi gist í Austur-Skaftafellssýslu í 3,1 nótt að jafnaði hver eða alls 106 þúsund nætur árið 2006.

Þá er áætlað að um 90 þúsund erlendir ferðamenn hafi gist í Austur-Skaftafellssýslu árið 2006 í 1,5 nætur að jafnaði eða alls í 135 þúsund nætur.



Alls er því áætlað að gistinætur ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu hafi verið um 240 þúsund árið 2006.

Af gistinóttum útlendinga voru 93% gistinátta í júní til september (þar af 74% í júlí og ágúst) en einungis 7% aðra mánuði ársins. Um tveir þriðju af gistinóttum erlendra ferðamanna voru vegna ferðamanna frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum.

Um 70% þeirra erlendu ferðamanna sem komu í Austur-Skaftafellssýslu að sumarlagi (júní-september) gistu í sýslunni en 50% þeirra sem komu utan þess tíma.

Um 45% Íslendinga sem komu í Austur-Skaftafellssýslu gistu þar en 55% fóru um án þess að gista.

Stefna og markmið klasans

Stefna.

Vinna saman að því að gera Ríki Vatnajökuls að einu af fimm þekktustu ferðapjónustusvæðum Íslands innan fjögurra ára, með áherslu á einstakt umhverfi Vatnajökuls, auðuga menningu og mannlíf og sérstöðu í matvælum

Kjarnagildi fyrir ímynd svæðisins:

- Vatnajökull og umhverfi hans
- Fjölbreytt sælkerafæði með áherslu á svæðisbundnar afurðir
- Fagmennska og gæði
- Fjölbreytt afþreying allan ársins hring

Markmið 2012

- Auka fjölda ferðamanna í Ríki Vatnajökuls um 8 - 11 % á ári næstu 5 ár
- Bæta nýtingu, afkomu og arðbærni fyrirtækja í greininni
- Stytta lágannatíma í ferðapjónustunni
- Lengja meðal viðverutíma ferðamanna
- Fjölga heilsársstörfum í ferðapjónustu um 10% á ári
- Vinna að uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu
- Að markaðssetja matvæli og ferðapjónustu undir sameiginlegu vörumerki og stefnt skal að því að kynna nýjar svæðisbundnar afurðir

Samkvæmt niðurstöðu RRF árið 2006 komu 207.000 ferðamenn í Ríki Vatnajökuls, 75.000 Íslendingar og 132.000 erlendir ferðamenn. Stefnt er að því að fjöldi ferðamanna í Ríki Vatnajökuls verði kominn í 350.000 árið 2012. Árleg aukning

verði frá 8% til 11%. Á landsvísu er gert ráð fyrir að árleg aukning ferðamanna verði 6 - 8%, en gert er ráð fyrir aukningu í Ríki Vatnajökuls umfram landsmeðaltal vegna nýstofnaðs Vatnajökulsþjóðgarðs, klasa- og markaðsstarfs ferðaþjónustuaðila, matvælaíðnaðar og menningargeirans.

Árið 2006 voru 1450 rúm í boði á svæðinu þar fyrir utan voru í boði tjaldstæði og húsbílaaðstaða fyrir um 1.900 einstaklinga yfir sumartímenn. Ef allt þetta er tekið saman þá eru í boði gistaðstaða fyrir 513.000 manns á ári. Samkvæmt niðurstöðu RRF voru gistinætur árið 2006 í Ríki Vatnajökuls um 240.000 eða nýting gistirýmis upp á 47%. Stefnt er að því að árið 2012 verði gistinætur 408.000. Miðað er við að aukning í gistaðstöðu verði 2 - 4,5% á ári og nýtingin í lok tímabilsins komin í 66%.

Samkvæmt niðurstöðum frá RRF kemur í ljós að af þeim 240.000 gistinóttum 2006 dreifðust 210.000 eða 87% á háönnina júní til september og einungis 30.000 eða 13% á lágönn október til maí. Eins og áður segir er stefnt er því að heildarfjöldi gistinátta verði kominn í 408.000 árið 2012. Gengið er út frá því að aukning yfir vetrartímenn verði 1 – 3% umfram aukningu gistinátta á háönn. Fjöldi gistinátta yfir háönn verði þá um 300.000 eða 75% og gistinætur á lágönn verði um 100.000 eða 25%.

Loks er stefnt að því að lengja dvöl erlendra ferðamanna úr 1,5 nóttum í 2 nætur yfir háönn og að meðaldvöl ferðamanna yfir lágönn verði 2 nætur.

Tengslanetið

Ferðaþjónustuklassi Suð-Austurlands, Ríki Vatnajökuls, er einkahlutafélag. Lög og samþykktir félagsins eru í viðauka. Félagið er samstarfsvettvangur stofnfyrirtækja ásamt öðrum samstarfsfyrirtækjum og opinberum aðilum sem tengjast ferðaþjónustu á Suð-Austurlandi. Í lögum félagsins er kveðið á um félagsskipan þess. Félagið byggir á samstarfi ólíkra aðila, bæði þeirra sem eiga beina hagsmuni í ferðaþjónustu og eins þeirra sem veita ferðamönnum aðra þjónustu. Til að skapa sameiginlegan skilning og samkennd stendur félagið fyrir árlegu ferðaþingi.

Starfsemi og þróun klasans

Stjórn klasans ber ábyrgð á starfsemi hans í umboði aðalfunda. Í upphafi hvers starfsárs er sett fram aðgerðaáætlun umbótaverkefna samhliða rekstraráætlun



klasans. Aðgerðaáætlun skal samþykkt á aðalfundi félagsins. Í henni er getið um annars vegar styttri og umfangsminni verkefni en einnig verkefni til lengri tíma sem oft eru bæði tíma- og fjárfrekari. Lögð er áhersla á starf verkefnahópa til að framfylgja einstökum verkefnum þar sem tryggð er þátttaka þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta.

Verkefnastjóri klasans sér um daglegan rekstur og fylgir stefnu og áherslum sem stjórn og aðalfundur ákveða. Eitt af meginhlutverkum starfsmanns klasans er að miðla upplýsingum milli þátttakenda og skapa umræðu og samhug um aðgerðir félagsins. Jafnframt ber honum að rækja tengsl við ólíka áhrifa- og hagsmunaaðila



klasans um einstök málefni hans. Starfsmanni og þátttökuaðilum ber að hafa í hávegum samskipta- og siðareglur klasans (sjá viðauka).

Klasinn er lifandi samstarf þeirra þáttökufyrirtækja sem að honum koma. Því mun klasinn og þau verkefni sem hann kemur að þróast í takt við þarfir þáttökufyrirtækja og samstarfsins á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að á fjórða starfsári klasans verði tekin ákvörðun um framtíð klasastarfsins.

Markaðurinn og markaðshlutun

Eitt af meginéinkennum í starfsemi klasans er skilgreining á mörkuðum hans og hlutun markaðarins gagnvart þeirri þjónustu sem þátttakendur klasans veita á hverjum tíma. Á þennan hátt beinir klasinn starfsemi sinni í að þjóna tilgreindum þörfum markaðarins. Í upphafi klasans er lögð áhersla á eftirfarandi markaðsviðmið sem notuð verða til að skilgreina einstaka markhópa.

- **Náttúruskoðun** (m.a.jökullinn, fuglar, hreindýr, siglingar)
- **Ráðstefnur og fundir sem byggja á sérkennum svæðisins**
- **Fræðslutengd ferðaþjónusta** (vetur, vor og haust)
- **Norðurljósaskoðun**
- **Viðburðir**
- **Ævintýraferðir** (ísklifur, fjallganga, jöklaferð)
- **Matvæli og sælkeriferðir**
- **Hvataferðir**

Forgangsatriði er að laða að ferðamenn utan háannatíma, en jafnframt verður lögð megináhersla á að auka virðisaukandi starfsemi allt árið.

1) Náttúruskoðun

Náttúra svæðisins er einstök og eitt mikilvægasta aðráttarafl Íslands.

Vatnajökulsþjóðgarður og umhverfi hans býr yfir miklu aðráttarafl m.a. vegna stærsta jökuls og stærsta þjóðgarðs Evrópu. Stórbrotin náttúra svæðisins höfðar

til stórs hluta ferðamanna ásamt þeim sem stunda rannsóknir og náttúruvísindi víðs vegar um heiminn. Helstu náttúruperlum svæðisins er getið í viðauka.



2) Ráðstefnur og fundir

Eitt af markmiðum klasans er að þróa og markaðssetja svæðið sem áhugaverðan valkost fyrir stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga til að halda ráðstefnur og fundi á svæði þar sem náttúran skapar ógleymanlega umgjörð. Svæðið hefur yfir að ráða fjölbreyttri aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalds. Auk þess er nægjanlegt gistirými og matsalir til að taka á móti fjölda gesta.

3) Fræðslutengd ferðaþjónusta

Sérstök náttúra og menning svæðisins bjóða upp á mikla möguleika í fræðslutengdri ferðaþjónustu. Slík ferðaþjónusta er vaxandi um allan heim. Svæðið hentar til dæmis einkar vel til að fræðast um áhrif loftslagsbreytinga.

4) Norðurljósaskoðun

Klasinn mun leggja áherslu á að markaðssetja svæðið sem áhugaverðan stað til norðurljósaskoðunar og nýta á þann hátt stórauðinn áhuga á skoðun þeirra víðsvegar um heim. Norðurljósaskoðun verður fléttað saman við aðra afþreyingu sem fyrir er á svæðinu.

5) Viðburðir

Mótun viðburða, þróun þeirra og markaðs-setning verður eitt af meginverkefnum klasans. Haldið verði úti öflugum viðburða-dagatali á netinu ásamt því að gefa út upplýsingar um einstaka þætti á prenti. Viðburðir tengjast einkennum svæðisins á sviði náttúru, menningu og hefðum. Þeir viðburðir sem þegar hafa skapað sér sess og eru haldnir árlega eru þorrablót á Höfn, Nesjum og Suðursveit, Góuhóf í Örafum, Humarhátíð á Höfn, haustdagskrá Hornfirnska skemmtifélagsins og adventutónleikar kóranna (sjá nánar fyrirmynd að viðburðadagatali í viðauka).



6) Ævintýraferðir, sælkera- og hvataferðir

Svæðið býður upp á ógrynni tækifæra til hvers kyns ferða og afþreyingar. Má þar telja allt frá ögrandi jöklaferðum til lúxusferða þeirra sem vilja njóta sælkeramatar í rólegu umhverfi í náttúrulegri stemmningu. Klasinn á að hafa forgöngu um að móta ferðir fyrir einstaka markhópa og markaðssetningu þeirra. Þessar ferðir geta átt heima í viðburðadagatalinu sem áður hefur verið nefnt.



Sem dæmi um slíkar ferðir má nefna:

- Norðurljósaferðir
- Vetrarferðir
- Ferðir sem tengjast starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs
- Jöklaferðir
- Viðburðir sem tengjast dagskrá Hornfirska skemmtifélagsins
- Jóladagskrá í samvinnu við kórana.
- Sérniðnar ferðir fyrir fyrirtæki og stofnanir s.s. í tengslum við árshátíðir, fundi, ráðstefnur og aðra viðburði.

Byggja þarf upp og efla það orðspor sem Ríki Vatnajökuls hefur þegar skapað sér hvað varðar sælkeramat s.s. humar, ál og önnur matvæli af svæðinu. Nauðsynlegt er að vinna náið að þessum málum í samstarfi við matvælaframleiðendur.



Framkvæmdaáætlun

Áætlanir klasans eru annars vegar rekstraráætlanir sem taka á rekstri og starfsemi klasans og hins vegar áætlanir um aðgerðir sem skiptast í verk-, tíma- og kostnaðaráætlanir ásamt áætlunum um fjármögnun einstakra aðgerða.

Aðalfundur klasans samþykkir áætlanir fyrir komandi rekstrarár sem stjórn og starfsmaður fylgja eftir milli aðalfunda. Mikilvægt er að stjórn og starfsmaður skapi samhug um framkvæmd einstakra verkefna klasans og m.a. með öflugri eftirfylgni með verkefnum, upplýsingagjöf og samstarfi. Gæta þarf að ábyrgðaskipting þeirra aðila sem koma að framkvæmd einstakra verkefna sé skýr ásamt fjárhagslegum skuldbindingum þeirra.

Þau meginatriði sem þurfa að koma fram í aðgerðaáætlun eru:

Auðkenni

Forgangsattriði er mótun auðkennis (slagorðs) fyrir svæðið í heild sinni.

Vöruþróun

Unnið verði með ferðaþjónustuaðilum að því að safna saman þeim vöru- og þjónustupökkum sem eru í boði á svæðinu og útbúa nýja.

Verðstefna

Mikilvægt er að vörur og þjónusta á svæðinu verði samkeppnishæfar við aðra staði á Íslandi og Evrópu.

Dreifing

Móta þarf og koma á virkum samskiptum við ferðaheildsala og við aðra þá aðila sem hafa með kynningu á ferðaþjónustu að gera.

Gæða-, þjónustu- og umhverfismál

Gæðamál eru mikilvægur hluti af ferðaþjónustu. Innleiða þarf gæða- og þjónustuviðmið sem ferðaþjónustuaðilar geta tileinkað sér. Þetta er framkvæmt með fræðslu og námskeiðahaldi. Sömuleiðis þarf klasinn að móta sér umhverfisstefnu.

Kynning

Kynning á svæðinu þarf að vera fjölbreytt en sérstaklega verði lögð áhersla á vel uppfærða vefsíðu og góð tengsl við fjölmiðla og ferðaskipuleggjendur héraendis og erlendis. Eitt af fyrstu verkefnum starfsmanns verður að útbúa kynningaráætlun.

Fjármál

Kostnaður. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður verði 1.200.000 krónur og árlegur rekstrarkostnaður 9.400.000. Árlegur kostnaður tengdur gerð heildstæðs kynningarefnis og auglýsinga fyrir Ríki Vatnajökuls er áætlaður 4.000.000.

Tímaáætlun. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði sett af stað um mitt ár 2007 og standi yfir í fjögur ár.

Fjármögnun. Verkefnið verður fjármagnað með árlegum framlögum og sértekjum vegna aðstoðar við undirbúning og skipulag viðburða og verkefna. Ráðgjöf við þróun og sölu á sérstökum vörum og þjónustu.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi árlegum framlögum:

Fyrirtæki og félagasamtök	3.000.000
Sveitarfélagið Hornafjörður	3.000.000
Vaxtarsamningur Austurlands	3.000.000
Aðrir aðilar	1.000.000
Samtals framlög	10.000.000

Gert er ráð fyrir eftirfarandi árlegum sértekjum:

Aðstoð og ráðgjöf við vöruþróun og sölu	1.000.000
Opinber fjárframlög	1.000.000
Verkefnatengdir styrkir	2.000.000
Samtals sértekjur:	4.000.000

Stofnkostnaður verður fjármagnaður með framlagi frá ferðaþjónustuaðilum.

Þau verkefni sem félagið getur tekið að sér á núverandi tímavarki eru eftirfarandi:

Ferðaþjónustuklassi Suðausturlands 900.000 krónur

Vetrarferðamennska 1.200.000 krónur

Undirbúningur Jöklaárstefnu árið 2008

Sótt var til Vaxtarsamnings Austurlands um fjármagn til klasaverkefnisins og hefur Menningar, matar og ferðaþjónustuklassi Suðausturlands fengið vilyrði fyrir fjárframlagi upp á 3.000.000 króna og sérfræðiaðstoð að verðmæti 2.800.000 fyrir komandi rekstrarár að uppfyltum ákveðnum skilyrðum. Samþykkt liggur fyrir hjá Sveitarfélaginu Hornafirði að leggja verkefninu til að hámarki 3 milljónir króna árlega með því skilyrði að ferðaþjónustuaðilar komi með sömu upphæð á móti.

Rekstraráætlun Ríki Vatnajökuls ehf.

Hér að neðan er búið að stilla upp rekstraráætlun fyrir klasann fyrir árin 2007 – 2010.

TEKJU- & KOSTNAÐARLIÐIR

	<u>Samtals</u> 2007 - 2010	<u>Áætlun</u> 2007	<u>Áætlun</u> 2008	<u>Áætlun</u> 2009	<u>Áætlun</u> 2010
Framlög fyrirtækja og samtaka	12.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Sveitarfélagið Hornafjörður	12.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Vaxtarsamningur	12.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Framlög aðrir	4.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Viðburðir skipulagning	4.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Króna á móti krónu	4.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Samtals styrkir verkefni.	8.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
<u>Samtals Tekjur:</u>	<u>56.000.000</u>	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Prenntun og kynningarefni	8.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Auglýsinga kostnaður	8.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
<u>Framlegð 1.</u>	<u>40.000.000</u>	<u>10.000.000</u>	<u>10.000.000</u>	<u>10.000.000</u>	<u>10.000.000</u>
	0				
Laun og launatengd gjöld	28.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000	7.000.000
Ferðakostnaður	4.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Húsnæðiskostnaður	1.600.000	400.000	400.000	400.000	400.000
Skrifstofukostnaður	3.200.000	800.000	800.000	800.000	800.000
<u>Annar Kostnaður</u>	800.000	<u>200.000</u>	200.000	200.000	200.000
<u>Samtals Kostnaður</u>	<u>37.600.000</u>	<u>9.400.000</u>	<u>9.400.000</u>	<u>9.400.000</u>	<u>9.400.000</u>
Afskriftir:	1.600.000	400.000	400.000	400.000	400.000
Fjármagn:	200.000	50.000	50.000	50.000	50.000
<u>Hagnaður (gjöld) fyrir skatta</u>	<u>600.000</u>	<u>150.000</u>	<u>150.000</u>	<u>150.000</u>	<u>150.000</u>

Þess verði gætt allt frá stofnun klasans að hann stofni ekki til fjárhagsskuldbindinga umfram greiðslugetu

1) Framkvæmdaáætlun ferðapjónustuklasans

Framkvæmdaáætlun Ríki Vatnajökuls ehf.

Verkefni	Ábyrgð	Samstarfsaðilar	2007											
			Jan	Feb.	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agús/Sept.	Okt.	Nóv	Des.	
Heildaryfirlit verkefni														
Hagvöxtur á heimasklóð			17		28									
Stefnumótun								16						
Stofnun Klasa								16						
Starfsemi Ríki Vatnajökuls ehf.									1					
Markaðs og kynningarstarf									1					
Verkefni og vörubrún									1					
1 0 Hagvöxtur á heimasklóð														
1 1 Stefnumótun, Hali	Útflutningsráð	SAF, Mentor, Netspor, RRF	17-18											
1 2 Vörubrún, Hali	Útflutningsráð	ITL, Netspor, RRF		7-8										
1 3 Markaðssetning, Árnanes	Útflutningsráð			27-28										
1 4 Markaðssetning á Netinu, Hotel Skallafell	Útflutningsráð				27-28									
2 0 Stefnumótun														
Samræming gagna drög stefnumótun	Netspor							18						
Greiningarvinna og töluleg markmið	Rannsóknir og riðgjöf							18						
Kynning á verkefni og slagorði	Fruman	FASK						18						
Stefnumótunarskýrsla	FASK, Fruman, Menningarmiðstöð Háskólasetur								16					
Tillögur Lógó og slógan	Gott fólk								16					
Samþykktir Ríki Vatnajökuls	Regula Lögmannsstofa								16					
3 0 Stofnun Klasa														
Stefnumótun og Lógó kynnt	Undirbúningshöpur Ríki Vatnajökuls ehf.								16					
Samþykkt stofnsamnings	Undirbúningshöpur Ríki Vatnajökuls ehf.								16					
Afgreiðsla samþykkt	Undirbúningshöpur Ríki Vatnajökuls ehf.								16					
Kosning stjórnar	Undirbúningshöpur Ríki Vatnajökuls ehf.								16					
4 0 Starfsemi Ríki Vatnajökuls ehf.														
Stjórn tekur til starfa	Stjórn Ríki Vatnajökuls ehf.							16						
Starfsmaður ráðinn	Stjórn Ríki Vatnajökuls ehf.								1					
Starfsstöð opnar	Verkefnisstjóri								1					
Klasastarf	Verkefnisstjóri								1					
Uppskeruhátið	Verkefnisstjóri											26		
5 0 Markaðs og kynningarstarf														
Markaðsáætlun	Verkefnisstjóri	Stjórn							1					
Gerð kynningarefnis	Verkefnisstjóri	Stjórn										10		
Pr. Og kynningarstarf	Verkefnisstjóri	Stjórn										10		
6 0 Verkefni og vörubrún														
1 Náttúraskoðun	Verkefnisstjóri													
2 Ráðstefnur og fundir	Verkefnisstjóri													
3 Fræðslutengd ferðapjónusta	Verkefnisstjóri													
4 Norðurljóðaskoðun, vettarferðamennska	Verkefnisstjóri													
5 Viðburðir	Verkefnisstjóri													
6 Evimýraferðir	Verkefnisstjóri													
7 Matvæli og sálkeruferðir	Verkefnisstjóri													
8 Hvataferðir	Verkefnisstjóri													
9 Önnur verkefni	Verkefnisstjóri													

2) SVÓT greining

Styrkur

Náttúran (Vatnajökull) og fjölbreytni hennar
Fjölbreyttir gistimöguleikar
Aðgengi að náttúruperlum
Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar
Mikil og fjölbreytt menningarstarfsemi
Golfvöllur
Veðurfar (mildir vetur)
Vaxandi samstaða ferðaþjónustuaðila
Jákvætt viðhorf og þróun opinberra aðila gagnvart ferðaþjónustunni
Ferðaskipuleggjendur á svæðinu
Mikið framboð af svæðisbundnu hráefni til matvælavinnslu
Öflugt matvælarannsóknarstarf á svæðinu Mátis ehf.
Þekkingarsetrið Nýheimar
Öflugt starf áhugamannafélaga, s.s. kórar, leikfélag ofl.

Veikleikar

Samgöngur (Rútur og flug)
Upplýsingamiðstöðin (hefur ekki haft fjármagn til rekstrar – ekki skilgreind sem landshlutastöð)
Markaðssetning Hornafjarðar (t.d. vefurinn)
Lítil vöruþróun
Ekki ferðamálafulltrúi
Misræmi á skilgreiningu svæðisins samkvæmt kjördæmaskipan og samkvæmt vilja ferðaþjónustunnar.
Opnunartími gagnvart ferðamönnum (háönn / lágönn)
Fræðsla og menntun í greininni
Vitund fyrir menntun í ferðaþjónustu
Vantar sumarbústaði til útleigu fyrir ferðamenn sem vilja stoppa lengur
Enginn einn aðili sem einbeitir sér að markaðssetningu svæðisins
Skortur á fræðslu- og menningartengdri ferðaþjónustu
Fá orlofshús í eigu félagsamtaka og einstaklinga utan svæðis

Ógnanir

Samkeppni við aðra staði sem eru komnir lengra í markvissu samstarfi
Skortur á tengingum við flugvöllinn í Keflavík og fjarlægðir
Verðlagning á áfengi á Íslandi
Matarverð á Íslandi
Samfélagsþróun, fækkun íbúa á svæðinu
Hafnaraðstaða (innsigling fyrir skemmtiferðaskip er slæm)
Gengissveiflur
Veðurfar (þoka og rok)

Tækifæri

Aukið menningarstarf – sögutengd ferðaþjónusta
Vera sýnilegri – aukið markaðsstarf
Nýta fjölbreytni svæðisins í matvælaframleiðslu í ferðaþjónustunni
Stutt í óbyggðir
Afþreyingarmöguleikar, s.s. siglingar, veiði í ám og vötnum, hreindýrum
og fuglum
Stutt frá öðrum Evrópulöndum
Vetrarferðamennska sbr. norðurljósin
Vinna með nágrönnum t.d. Djúpavog og Skaftárhrepp
Rannsóknir á gróðurhúsaáhrifum – og breytingar af hennar völdum
Framleiðsla og sala minjagripa
Heilsutengd ferðaþjónusta
Fræðslutengd ferðaþjónusta
Nýta veðurfarið (þokuferðir)

3) Gistiaðstaða, veitingaaðstaða og fundarsalir á Suðausturlandi

Tegund gistingar	Dagar allt árið	Dagar á lágðönn	Svefnp.glst á dag	Fjöldi rúma á dag	Svefnpokar á ári	Fjöldi rúma á ári	Samtals gistirými	Gistirými sumar	Gistirými vetur
Hótel	Dagar	122							
Hótel Höfn	365	243		63	0	22.995	22.995	7.686	15309
Hótel Skaftafell	365	243		125	0	45.625	45.625	15.250	30375
Hótel Fosshótel Vatnajökull	122	0		52	0	6.344	6.344	6.344	0
Hótel Edda Nesjaskóla	122	0	70	63	8.540	7.686	16.226	16.226	0
Samtals:			70	303	8.540	82.650	91.190	45.506	45.684
Gistiheimili									
Gistiheimilið Ásgarður	365	243	0	68	0	24.820	24.820	8.296	16524
Gistiheimilið Hvammur	365	243	0	68	0	24.820	24.820	8.296	16524
Gistiheimilið Bölti	122	0	0	18	0	2.196	2.196	2.196	0
Annað	122	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:			0	154	0	51.836	51.836	18.788	33.048
Farfuglaheimili									
Farfuglaheimilið Nýbær ehf	122	0		33	0	4.026	4.026	4.026	0
Farfuglaheimilið Vagnsstaðir	122	0		28	0	3.416	3.416	3.416	0
Samtals:			0	61	0	7.442	7.442	7.442	0
Ferðapjónusta bænda									
Ámanes - gistihús	365	243		34	0	12.410	12.410	4.148	8262
Ferðapjónusta bænda Brunnhól	122	0		43	0	5.246	5.246	5.246	0
Ferðapjónustan Hólmi	365	243		16	0	5.840	5.840	1.952	3888
Ferðapjónustan Flatcy I	122	0		15	0	1.830	1.830	1.830	0
Ferðapjónustan Skálafelli	365	243		22	0	8.030	8.030	2.684	5346
Ferðapjónustan Smyrlabjörgum	365	243		90	0	32.850	32.850	10.980	21870
Ferðapjónustan Lækjarhúsum	365	243		21	0	7.665	7.665	2.562	5103
Ferðapjónustan Hala	365	243		26	0	9.490	9.490	3.172	6318
Gistiheimili Frost og funi	122	0	0	42	0	5.124	5.124	5.124	0
Ferðapjónustan Litla-Höfi	365	243		20	0	7.300	7.300	2.440	4860
Samtals:			0	329	0	95.785	95.785	40.138	55.647
Gisting í íbúðum									
Meðalfell ehf.	365	243		0	0	0	0	0	0
Hali	365	243		0	0	0	0	0	0
Samtals:			0	0	0	0	0	0	0
Gisting í smáhýsum									
Náttból	122	0	0	96	0	11.712	11.712	11.712	0
Flopi hf. gisting og tjaldstæði	122	0		30	0	3.660	3.660	3.660	0
Samtals:			0	126	0	15.372	15.372	15.372	0
Sumarbústaðir og orlofsíbúðir									
1 Samtals allar	365	243		122	0	44.530	44.530	14.884	29646
2 Þarf sundurlöðun		-122			0	0	0	0	0
3		-122			0	0	0	0	0
4		-122			0	0	0	0	0
5		-122			0	0	0	0	0
Samtals:			0	122	0	44.530	44.530	14.884	29.646

Tegund gistingar	Dagar allt árið	Dagar lágönn	Svefnp. gist á dag	Fjöldi rúma á dag	Svefnpoka á ári	Fjöldi rúma á ári	Samtals gistirými	Gistirými sumar	Gistirými vetur
Aðrir gististaðir	Dagar	Dagar							
Ferðaðþjónusta Brunnavöllum	122	0		10	0	1.220	1.220	1.220	0
Höfelli	122	0		10	0	1.220	1.220	1.220	0
Hafnarnes	122	0		10	0	1.220	1.220	1.220	0
Ferðaðþjónusta Stafafelli	122	0	0	50	0	6.100	6.100	6.100	0
Ferðaðþjónustan Hofi / Vesturhús	122	0	25	0	3.050	0	3.050	3.050	0
Hofgarður	122	0	30		3.660	0	3.660	3.660	0
Hrollaugsstaðir	122	0	40	20	4.880	2.440	7.320	7.320	0
Jöklasel	122	0	30		3.660	0	3.660	3.660	0
Flosi h.f. / Svínafelli	122	0	0		0	0	0	0	0
Kollumúli / Ferðafélag A.-Skaft.	122	0	25		3.050	0	3.050	3.050	0
Gerði	122	0	0	35	0	4.270	4.270	4.270	0
Samtals:			150	135	18.300	16.470	34.770	34.770	0
Tjaldstæði		90							
Tjaldstæði Stafafelli	90	0	100		9.000	0	9.000	9.000	0
Tjaldstæði Smiðjunesi	90	0	40		3.600	0	3.600	3.600	0
Tjaldstæði Höfn	90	0	600		54.000	0	54.000	54.000	0
Tjaldstæði Haukafelli	90	0	100		9.000	0	9.000	9.000	0
Tjaldstæði Vagnstöðum	90	0	7		630	0	630	630	0
Tjaldstæði Hrollaugsstaðir	90	0	10		900	0	900	900	0
Tjaldstæði við Flosalag	90	0	150		13.500	0	13.500	13.500	0
Tjaldstæði Freysnesi	90	0	200		18.000	0	18.000	18.000	0
Tjaldstæði Skaltafelli	90	0	400		36.000	0	36.000	36.000	0
Samtals:			1.607	0	144.630	0	144.630	144.630	0
Húsbílaaðstaða									
Stafafell	90	0	5		450	0	450	450	0
Tjaldstæði Höfn	90	0	200		18.000	0	18.000	18.000	0
Tjaldstæði Skaftafelli	90	0	100		9.000	0	9.000	9.000	0
Samtals:			305	0	27.450	0	27.450	27.450	0
Gisting									
Hótel			70	303	8.540	82.650	91.190	45.506	45.684
Gistiheimili			0	154	0	51.836	51.836	18.788	33.048
Farfuglaheimili			0	61	0	7.442	7.442	7.442	0
Ferðaðþjónusta bænda			0	329	0	95.785	95.785	40.138	55.647
Gisting í íbúðum			0	0	0	0	0	0	0
Gisting í smáhýsum			0	126	0	15.372	15.372	15.372	0
Orlofsíbúðir			0	122	0	44.530	44.530	14.884	29.646
Aðrir gististaðir			150	135	18.300	16.470	34.770	34.770	0
Samtals gisting			220	1.230	26.840	314.085	340.925	176.900	164.025
Tjaldstæði			1.607	0	144.630	0	144.630	144.630	0
Húsbílaaðstaða			305	0	27.450	0	27.450	27.450	0
Samtals tjaldstæði og húsb.			1.912	0	172.080	0	172.080	172.080	0
Samtals gisting			2.132	1.230	198.920	314.085	513.005	348.980	164.025

Veitingar

Veitingastaðir

Hótel Höfn
Ármanes - veitingar - Gallerí
Hótel Skaftafell
Hótel Edda Nesjaskóla
Smyrlabjörg í Suðursveit
Fosshótel Vatnajökull
Þórbergssetur
Kaffi Hornið
Veitingastaðurinn Víkin

Opnun ár

Allt árið
Sumar
Allt árið
Sumar
Allt árið
sumar
Allt árið
Allt árið
Allt árið

Kaffiteríur og konditori

Kaffitería Nýheima
Jón Bakari
Jöklasel
Jökulsárlón

Vetur
Allt árið
Sumar
Sumar

Fast food / Skyndibitastaðir

Hafnarbúðin
Ósinn
Shellskáli ??? Hvar
N1 Höfn
N1 Nesjum
OLÍS Höfn
Freysnes

Allt árið
Allt árið
Allt árið
Allt árið
Sumar
Allt árið
Allt árið

A. Nýheimar

Aðstaða	opið	fjöldi	sæti	alls	skjávarpi	Tölvut.
Ráðstefnusalur	Allt árið	1	100	100	fastur	tengi/pl
Kaffi / salur	Allt árið	1	150	100	fastur	pl
Kennslustofa	jún-sept	1	25	25	fastur	tengi/pl
Kennslustofa	jún-sept	4	50	200	fastur	tengi/pl
Kennslustofa	jún-sept	2	20	40	fastur	tengi/pl
Kennslustofa	jún-sept	1	80	80	fastur	tengi/pl
Alls		7		615		

B. Sindrabær

Fyrirlestrarsalur	Allt árið	1	60	60	fastur	tengill
Samkomusalur	Allt árið	1	200	200	færanlegur	tengill
Alls		2		260		

C. Íþróttahús á Höfn

Íþróttasalur	Allt árið	1	400	400	færanlegur	nei
Alls		1		400		

D. Hótel Höfn

Fundarsalur (stór)	Allt árið	1	120	120	fastur	tengi/pl
Fundarsalur (lítill)	Allt árið	1	20	20	nei	pl
Alls		1		140		

E. Pakkhús

Fundarsalur	Allt árið	1	100	100	færanlegur	nei
Alls		1		100		

F. Mánagarður

Samkomusalur	Allt árið	1	150	150	færanlegur	nei
Íþróttasalur	Allt árið	1	250	250	færanlegur	nei
Fundarsalur	Allt árið	1	30	30	færanlegur	nei
Alls		3		330		

G. Hótel Smyrlabjörg??

Fundarsalur (stór)	Allt árið	1	200	200	færanlegur	nei
Fundarsalur (lítill)	Allt árið	1	50	50	færanlegur	nei
Alls		2		250		

H. Hrollaugsstadir ??

Samkomusalur	Allt árið	1	200	200	færanlegur	nei
Alls		1		200		

I. Hofgarður ??

Samkomusalur	Allt árið	1	200	200	færanlegur	nei
Alls		1		200		

J. Hótel Skaftafell ??

Samkomusalur	Allt árið	1	200	200	færanlegur	nei
Alls		1		200		

K. Jöklael

Samkomusalur	Allt árið	1	70	70	færanlegur	já
Alls		1		70		

L. Jöklasýning

Samkomusalur	Allt árið	1	50	50	fastur	já
Alls		1		50		

Samtals **20** **2815**
p.a á Höfn (A til E, L) **12** **1545**

4) Viðburðadagatal 2007-2010

	2007	2008	2009	2010
Þorablót á Höfn ¹	20. jan	26. jan	24. jan.	23. júl
Þorablót í Nesjum ²	27. jan	2. feb	31. jan.	30. júl
Þorablót í Suðursveit ³	3. feb	9. feb	7. feb.	6. feb.
Góuhóf í Öræfum ⁴	?	?	?	?
Humarhátíð á Höfn ⁵	6.-8. júl	4.-6. júl	3.-5. júl	2.-4. júl
Kúadellulottó ⁶	6.-8. júl	4.-6. júl	3.-5. júl	2.-4. júl
Heimsmeistaramót í Hornafjarðarmanna ⁷	6.-8. júl	4.-6. júl	3.-5. júl	2.-4. júl
Haustdagskrá Hornfiriska skemmtifélagsins	?			
Flugeldasýning á Jökulsárlóni ⁸	4. ágú	2. ágú	1. ágú	31. júl.
Aðventutónleikar kóranna	?			
Hornafjarðarmeistarinn í Hornafjarðarmanna	?			

¹ Fyrsta helgi eftir bóndadag.

² Önnur helgi eftir bóndadag

³ Þriðja helgi eftir bóndadag

⁴ Fyrstu helgi eftir konudag?

⁵ Fyrstu helgina í júlí

⁶ Fyrstu helgina í júlí

⁷ Fyrstu helgina í júlí

⁸ Laugardagur um verslunarmannahelgi

5) Perlur í Ríki Vatnajökuls

Staður	Aðgengi	Þjónusta yfir veturinn	Þjónusta yfir sumarið	Göngul.	Norðurl.	Fuglar	Hreind.	Brim	Myrkur	Þögn
Skeiðarársandur	Allt árið	Engin	Engin	+	+++	?	-	-	+++	++
Skaftafell	Allt árið	Gönguleiðir	Allt árið	+++	+++	+++	-	-	+++	++
Umhverfi Öræfajökuls	Allt árið	Ísklifur hjá Öræfaferðum	Ísganga hjá íslenskum fjallaleiðsögumönnum	++	+++	+++	-	+	+++	+++
Ingólfshöfði	Sumar	Engin	Skipulagðar ferðir	+	-	+++	-	+++	-	+++
Öræfajökull	Vetur og vor	Skipulagðar ferðir	Engin	-	-	-	-	-	-	-
Jökulsárón	Allt árið		Siglingar	+	+++	+++	-	+++	+++	+++
Kálfafellsdalur og umhverfi	Allt árið	Merkta gönguleiðir	Merkta gönguleiðir	+++	+++	+++	+	+++	+++	+++
Vatnajökull – jöklasel	Vor, sumar og haust		Jeppaferðir Snjósleðar	-	+	+	-	-	+++	+++
Kolgríma – Haukafell	Allt árið	Merkta gönguleiðir	Merkta gönguleiðir	+++	+++	++	+++	-	+++	+++
Hoffellsjökull	Allt árið	Engin	Engin	+++	+++	+++	+++	-	+++	+++
Hornafjörður / Ósland / Ósinn / Álaugarey / Fjörur	Allt árið	Söfn og sýningar Sundlaug Ýmsir viðburðir Almenn þjónusta	Söfn og sýningar Sundlaug Golfvöllur Ýmsir viðburðir Almenn þjónusta	+++	++	+++	+	+++	+	-
Stokksnes	Allt árið	Engin	Engin	++	+++	+++	+	+++	+++	+++
Lónsöræfi	Sumar	Engin	Skipulagðar ferðir	+++	-	++	++	-	-	+++
Stafafellsfjöll	Allt árið	Engin	Engin	++	+++	++	+++	-	+++	+++

6) Samskipta- og siðareglur

Tilgangur siðareglna er að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust þátttökuaðila og viðskiptavina. Reglurnar brýna fyrir þátttökuaðilum að forðast hverskyns hagsmunaárekstra og vafasama viðskiptahætti er rýrt geti álit klasans.

- Starfsmenn þátttökuaðila og klasans skulu sýna árvekni og reglusemi í starfi með hag klasans að leiðarljósi og skulu þeir rækja hvert það verkefni sem þeim er falið af vandvirkni og samviskusemi. Starfsmönnum ber að kynna sér rækilega starfs- og siðareglur klasans og fara eftir þeim í hvívetna.
- Starfsmenn þátttökuaðila og klasans skulu fylgja stefnumótun hans og hafa að leiðarljósi gæða-, umhverfis- og þjónustuviðmið við framkvæmd verkefna og í starfi.
- Starfsmönnum þátttökuaðila og klasans er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar, er þeir hafa öðlast stöðu sinnar vegna, sjálfum sér eða öðrum til fjárhagslegs ávinnings.
- Starfsmenn klasans skulu gæta sanngirni og réttisýni í öllum samskiptum við þátttöku- og hagsmunaaðila.
- Starfsmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá málefnum klasans, viðskiptum við einstaka aðila, stofnanir eða fyrirtæki. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- Öll gögn skulu meðhöndluð með fyllstu varúð svo tryggt sé að þau glatist ekki eða liggi óvarin. Sérstök aðgæsla skal viðhöfð við varðveislu þeirra svo og ljósritun, sendingu, tölvuskráningu og eyðingu.

7) Um verkefnisstjóra klasans

Verkefnisstjóri

Þarf að vera hvetjandi og gæddur eiginleikum til að byggja upp traust og góð samskipti meðal þátttakenda og skapa klasahugmyndinni gott orðspor út á við. Sýnt hefur verið fram á að verkefnisstjóri þarf að hafa frumkvæði til aðgerða frekar en að vinna við að greina og meta fortíðina.

Eftirfarandi er samantekt á kostum sem verkefnisstjóri er talinn þurfa að hafa:


- **Samstarfshæfileiki.** Geta unnið með ólíkum fagsviðum og viðhorfum þannig að samstarfsfólk finni fyrir hreinskilni og virðingu.
- **Frumkvæði.** Geta komið verkefnum af stað og séð til þess að þau séu unnin. Geta tekið ákvarðanir eða séð til þess að þær séu teknar af réttum aðilum.
- **Sjálfstæði.** Geta mótað sjálfstæða afstöðu til mála, komið henni á framfæri og rætt hana á grundvelli þeirra forsendna sem liggja fyrir.
- **Samningatækni.** Geta náð samkomulagi um nauðsynleg atriði þannig að deiluaðilar eða viðsemjendur standi allir ánægðir upp frá samningaborði verkefninu til framdráttar.
- **Trúnaður.** Eiga trúnað samstarfsmanna og gæta trúnaðar.
- **Sköpunargáfa.** Geta horft á viðfangsefni frá nýjum sjónarhóli þannig að lausn náist og borið virðingu fyrir nýrri hugsun.
- **Skipulagshæfileiki.** Geta mótað stjórnunarskipulag og leitt áætlanagerð og framkvæmd hennar þannig að sem minnst verði um frávik frá settum markmiðum.
- **Stjórnunarhæfileiki.** Geta áunnið sér virðingu samstarfsfólks og hagsmunaðila á þann hátt að framvinda klasahugmyndarinnar byggist á jákvæðum huga allra þátttakenda til viðfangsefnisins.
- **Sveigjanleiki.** Geta tekið við nýjum og breyttum forsendum og aðlagð áætlanir og framkvæmd að þeim.
- **Rökhugsun.** Geta raðað verkum þannig að hægt sé að vinna að þeim á rökréttan hátt, með hliðsjón af tíma, aðföngum og þekkingu.
- **Rekstrarþekking.** Geta metið kostnað við einstaka þætti, gert áætlun þar að lútandi og aflað fjármagns til að standa undir einstaka verkum.

Heimild: Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson,
Klasar - Samstarf í samkeppni, útgefandi Impra.

Staða og þróun ferðaþjónustunnar í Hornafirði

Hagstofa Íslands safnar á hverju ári gögnum frá ferðaþjónustuaðilum um fjölda gistinátta innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna. Þau gögn eru afar mikilvæg, bæði til þess að meta stöðu greinarinnar á hverjum tíma og ekki síður til að sjá hver þróunin hefur verið frá ári til árs eða yfir lengra tímabil. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir helstu niðurstöðum samantektar sem undirritaður vann nýverið á gögnum Hagstofunnar um gistinætur ferðamanna í Austur-Skaftafellssýslu/ Sveitarfélaginu Hornafirði á því tímabili sem gistináttaskýrslur frá svæðinu ná yfir, þ.e. frá 1984 til 2006..


Heildarfjöldi skráðra gistinátta árið 2006 í sýslunni var samtals 110.253 nætur, þar af voru 86.312 (78,3 %) til komnar vegna erlendra næturgesta en 29,341 (21,7 %) vegna gistingar Íslendinga. Skráðum gistinóttum fjölgaði skv. því um 8,4 % frá árinu áður. Á s.l. fimm árum hefur heildarfjöldi gistinátta aukist um 7,7 % á ári að meðaltali. Frá því að skráningar hófust árið 1984 hefur gistinóttum í sýslunni fjölgað um 178 %, þ.e.a.s. að fjöldi þeirra 2006 var næstum því þrefaldur á við það sem hann var árið 1984. Þessi fjölgun jafngildir þá jafnframt aukningu um 8,1 % að jafnaði á milli ára á umræddu tímabili (sjá mynd nr. 1).



Mynd 1: Skráðar gistinætur í Austur-Skaftafellssýslu 1984-2006

Ofangreindar tölur eru augljóslega til marks um mikinn uppgang í ferðþjónustunni hér í sýslunni á undanförunum árum og áratugum en segja þó ekki alla söguna. Af gögnum Hagstofunnar má glögglega sjá að svo til allur þessi uppgangur er tilkominn vegna aukinnar gistingar erlendra ferðamanna - fjöldi þeirra hefur aukist um 300 % á s.l. tveimur áratugum eða um 15 % að jafnaði á ári. Á sama tímabili hefur gisting íslenskra gesta nánast staðið í stað. Árið 1986 voru ríflega 50 % gistinátta tilkomnar vegna Íslendinga, tíu árum síðar var hlutdeild þeirra tæp 40 % og tuttugu árum síðan rúm 20%, sem fyrr segir. Þess ber að geta að gisting Íslendinga sveiflast mun meira á milli einstakra ára en meðal útlendinga, og því getur hlutdeild þeirra í gistingu verið mun hærri í einstaka tilfellum, en til lengri tíma litið er þróunin þó býsna afdráttarlaus og skýr.

Önnur skýr vísbending um aukin umsvif í greininni er fjölgun ferðþjónustuaðila á svæðinu. Árið 1984 sendu 6 aðilar inn skýrslur til Hagstofunnar, tíu árum síðar voru þeir orðnir 24 og árið 2006 voru þeir 31. Hótelum og gistiheimilum hefur fjölgað mest, það voru aðeins 2 slík sem sendu inn skýrslu árið 1984 en á síðasta ári voru þau orðin 16 (sjá mynd 2). Þeim hefur jafnframt haldið áfram að fjölga á allra síðustu árum á meðan fjöldi annarra tegunda gististaða (t.d. tjaldstæði, orlofshúsabyggðir og farfuglaheimili) hefur staðið í stað. Hótelin og gistiheimili hafa enn fremur stöðugt verið að auka hlutdeild sína í gistinóttum á svæðinu – árið 1995 var sú hlutdeild um 42 % en árið 2006 var hún um 61 %. Umsvifin í greininni hafa því aukist hlutfallslega mun meira hjá hótélum og gistiheimilum en öðrum aðilum, a.m.k. á heildina litið.



Mynd 2: Fjöldi og samsetning gististaða í Austur-Skaftafellssýslu 1984-2006

Samanburður við þróun mála á landinu í heild bregður líka nýju og umhugsunarverðu ljósi á stöðu og þróun mála hér á svæðinu. Heildarfjöldi ferðamanna sem kemur til landsins hefur, með fáeinum undantekningum, aukist ár frá ári. Þrátt fyrir aukin umsvif í greininni hefur hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna hér á svæðinu ekki aukist miðað við landið í heild – frá árinu 1984 hefur hún verið í kringum 5 % (sjá töflu 1). Þetta þýðir, m.ö.o., að aukningin hér hefur í raun ekki gert meira en að “halda í við” fjölgun erlendra ferðamanna á landsvísu. Ef litið er til Íslendinga blasir við mun neikvæðari niðurstaða – á s.l. tuttugu árum hafa skráðar gistinætur íslenskra ferðamanna ríflega tvöfaldast á landsvísu en hér hefur fjöldi þeirra hinsvegar nánast staðið í stað á sama tímabili. Þetta þýðir að gistinóttum Íslendinga hefur fækkað verulegu á svæðinu miðað við þróunina á landinu í heild og þá jafnframt að hlutdeild svæðisins í heildarfjölda gistinátta hefur að sama skapi farið minnkandi, eða úr 5,9 % árið 1986 í 4,5 % árið 2006.

	Íslendingar	Útlendingar	Samtals
1986	6,9	5,1	5,9
1991	5,6	5,5	5,5
1996	6,0	5,1	5,4
2001	3,9	4,9	4,6
2006	3,2	5,0	4,5

Tafla 1: Hlutfall gistinátta í Austur-Skaftafellssýslu miðað við Ísland í heild

Gögn Hagstofunnar sýna einnig að íslenskir ferðamenn eru sérstaklega mikilvægir fyrir svæðið á lágönninni, þ.e. haust, vetur og vor. Árið 2006 voru þannig næstum 19 % gistinátta Íslendinga á lágönn (október til maí) en aðeins tæplega 7 % erlendra ferðamanna gistu á svæðinu á því tímabili. Ef litið er nokkur ár aftur í tímann sést að langstærsti hluta gistingar hjá útlendingum eða um 93 % á sér stað yfir sumarmánuðina, en hins vegar um 80-85 % hjá Íslendingum..

Í gistináttaskýrslum eru næturgestir flokkaðir eftir þjóðerni og því má í þeim m.a. finna upplýsingar um breytingar í aðsókn ólíkra þjóða. Árið 2006 voru flestar gistinætur erlendra ferðamanna, eins og oftast áður, tilkomnar vegna Þjóðverja (21 %), þar næst komu Frakkar (12 %), síðan Bretar (10 %), Ítalir (8,5 %) og Spánverjar (7,2 %). Innbyrðis hlutföll í gistinóttum erlendra þjóða hafa jafnframt breyst talsvert á allra síðustu árum, þannig hefur gistinóttum Þjóðverja fækkað hlutfallslega um þriðjung frá árinu 1998 (þ.e. farið úr 32 % í 21 % af heild) á meðan hlutdeild Spánverja hefur þrefaldast á sama tíma (farið úr 2,4 % í 7,2 %). Hlutdeild Frakka í gistinóttum hefur á hinn bóginn haldist nokkurn veginn sú sama í gegnum árin,

Bretum hefur aðeins fjölgað en Ítölum heldur fækkað, sem hlutfall af heildinni. Þá virðast stöðugt nýir hópar vera að bætast í “gestaflórana”, t.a.m. ferðamenn frá Kína, Eyjaálfu, Afríku og Mið- og Suður-Ameríku, en ofangreindar þjóðir/heimshlutar koma fyrst fyrir í gistinguáttaskýrslum árið 2005.

**Þorvarður Árnason, forstöðumaður
Háskólasetrið á Hornafirði**

